

Heimsókn menntamálaráðherra til Liechtenstein

Borgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) átti dagana 17. og 18. október fundi með ráðamönnum í [Liechtenstein](#) en þar var hún í boði dr. [Klaus Tschüscher](#) aðstoðarforsætisráðherra og ráðherra íþróttamála í furstadæminu.

Miðvikudaginn 17. október hitti ráðherra á annað hundrad svissneska nemendur sem komið höfðu til Liechtenstein til að fylgjast með landsleik Íslands og Liechtenstein í knattspyrnu. Skóli þeirra, sem er í Stans í kantónunni Nidwalden í Sviss, hefur undanfarna mánuði tekið þátt í verkefninu [EuroSchools 2008](#) og hefur Ísland verið þeirra fósturland í verkefninu sem tekur eitt ár.

Menntamálaráðherra sat fyrir svörum um Ísland, íslenska menningu og lífshætti auk þess að kenna nemendum hvernig hvetja ætti landsliðið til dáða í leiknum með „Áfram Ísland“ hrópum. Það dugði því miður ekki til.

Fimmtudaginn 18. október átti ráðherra fund með Tschüscher þar sem rætt var um samstarf á sviði mennta- og íþróttamála auk þess sem ráðherrarnir fóru yfir fyrirhugaðar umbætur í skólalánum landanna. Þá átti ráðherra fund með [Ritu Kieber-Beck](#), ráðherra

utanríkis- og menningarmála, þar sem reifuð voru áform um menningarsamskipti á næstu misserum. Auk þess átti Borgerður Katrín fund með [Alois af Liechtenstein](#), prinsí furstadæmisins, í [Vaduz](#)-kastala.



Borgerður Katrín Gunnarsdóttir, Klaus Tschüscher og svissneskir nemendur

Menntamálaráðherra ávarpar aðalráðstefnu UNESCO

Laugardaginn 20. október ávarpaði Borgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) 34. aðalráðstefnu UNESCO sem haldin er í París 16. október til 3. nóvember. Föstudaginn 19. október tók menntamálaráðherra þátt í hringborðsumræðum menntamálaráðherra um tengsl menntunar og efnahagslegra framfara.

Þá átti Borgerður Katrín Gunnarsdóttir fund með [Koichiro Matsuura](#) aðalframkvæmdastjóra UNESCO þar sem meðal annars voru ræddar tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO.



Borgerður Katrín Gunnarsdóttir og Koichiro Matsuura

Undirbúningur samstarfsnets háskóla og símenntunarmiðstöðva

Kvasir, samtök símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, gekkst fyrir ráðstefnu undir fyrirsögninni Netháskóli Íslands á Egilsstöðum 16. október síðastliðinn. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar háskóla, símenntunarmiðstöðva og sveitarfélaga sem og fulltrúar ráðuneytisins. Arnór Guðmundsson setti ráðstefnuna og Hellen Gunnarsdóttir hélt erindi um viðurkenningu á háskólum samkvæmt nýjum háskólalögum. Jafnframt ræddi Emil Björnsson þarfir nemenda og hlutverk símenntunarmiðstöðva og Skúli Skúlason fjallaði um hlutverk háskóla í heimabyggð.

[Menntamálaráðuneyti](#) hefur að undanförmu

stutt við bakið á Kvasi við undirbúning stofnunar samstarfsnets milli háskóla og símenntunarmiðstöðva um fjarkennslu á háskólastigi. Síðastliðið haust var í ráðuneytinu sett af stað upplýsingatækniverkefni um slíkt net. Fyrstu viðfangsefni þessa verkefnis voru tvær skýrslur sem Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir hjá [Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri](#) gerði fyrir ráðuneytið. Skýrslan [Fjármám erlendis](#) kom út í september 2006 og skýrslan [Fjármám við íslenska háskóla](#) kom út í janúar 2007. Guðrún Rósa kynnti þessar skýrslur á ráðstefnunni.

Síðari hluta sumars urðu ráðuneytið og [Þekkingarnet Austurlands](#) (ÞNA), fyrir hönd Kvasis, sammála um að efla samstarf sitt um þetta mál. Unnið hefur verið á tvennum vígstöðvum upp á síðkastið. Annars vegar hafa fulltrúar ráðuneytisins og ÞNA rætt við fulltrúa háskólanna og kannað áhuga þeirra á samstarfi um samstarfsnet háskóla og símenntunarmiðstöðva um fjarkennslu. Fulltrúar háskóla hafa tekið þessum hugmyndum mjög vel. Hins vegar hefur ÞNA fengið styrk frá ráðuneytinu til að þróa sýnieintak af vefsíðu með upplýsingum um fjarkennslu á háskólastigi. Sigurbjörg Jóhannsdóttir kynnti síðuna á ráðstefnunni og spunnust um hana fjórir umræður. Á grundvelli þeirra umræðna og ábendinga verður væntanlega hægt að þróa þessa síðu frekar í vetur.

Á næstu vikum verður áfram unnið að undirbúningi stofnunar samstarfsnetsins og telur ráðuneytið mikilvægt að sem víðtækust samstaða náist um málið.



Áhugasamir þátttakendur á málþinginu Netháskóli Íslands

FS-netið Niðurstöður útboðs

Í sumar fór fram útboð á rekstri [FS-netsins](#) en það er hraðvirkt gagnaflutningsnet sem tengir saman framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar á landinu. FS-netinu er meðal annars ætlað að skapa nútímalega upplýsingahraðbraut milli menntastofnana sem nýta má við nýjungar í skólastarfi, svo sem við fjarkennslu og fjarnám. Útboðinu var skipt í tvo hluta, annars vegar viðnet og þjónustu og hins vegar Internetgátt. Sjó tilboði bárust og var ákveðið að taka tilboði [Vodafone](#) í hluta I, viðnet og þjónustu, en tilboði [Simans](#) í hluta II, Internetgátt.

Skrifað var undir samninga í lok september og í október en innleiðing nýrra þjónustuaðila stendur yfir þessa dagana. Ljóst er að veruleg lækkan fékkst á verði fyrir þessa þjónustu með útboðinu þannig að umtalsverðir fjármunir sparast.

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2008

Innritun í dagskóla fer fram dagana 1. nóvember til 25. nóvember 2007 á [menntagatt.is/innritun](#). Allar umsóknir um nám í dagskóla á vorönn eru nú í fyrsta sinn rafrænar. Sótt er um á netinu og berast umsóknirnar beint til upplýsingakerfa framhaldsskólanna. Einstakir skólar kunna að bjóða upp á lengra innritunartímabil og eru upplýsingar um það á vef viðkomandi skóla.

Umsækjendur geta sótt sér veflykil á [menntagatt.is/innritun](#). Nemendum sem koma erlendis frá er einnig bent á að setja sig í samband við þá skóla sem þeir hafa áhuga á að sækja um.

Innritun í nám í kvöldskóla, fjarnám og annað nám en í dagskóla verður með hefðbundnum hætti og fer fram í þeim framhaldsskólum sem hafa slíkt nám í boði.

Upplýsingar um framhaldsskóla má finna á [menntagatt.is/innritun](#).

